

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli, Lindargötu
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 12.04.2021
Tilv. 2021/0243 - 0.0.01
ÞAÁ

Efni: Beiðni um afstöðu til hámarks á milligjöldum vegna innlendra debetkortafærslna

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 12. mars 2021, þar sem óskað var eftir afstöðu Neytendastofu til þess hvort tilefni sé til að leggja til lægra hámark á milligjöld vegna innlendra debetkortafærslna en 0,2%.

Neytendastofa hefur samkvæmt 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/751, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 31/2019, og 13. gr. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga, eftirlit með því að seljendur veiti neytendum upplýsingar í tengslum við greiðslumiðla. Hvorki framangreint eftirlitið né eftirlit með öðrum lögum sem falla undir valdsvið stofnunarinnar, hefur í för með sér að stofnunin hafi innsýn í það, með gögnum eða öðrum hætti, hvort gildistaka laga nr. 31/2019 og hámark milligjalda hafi haft áhrif á þær greiðslulausnir sem seljendur taka við eða hvort, og þá hver, ávinningur væri af því að lækka hámark milligjalda enn frekar. Þar af leiðandi telur stofnunin sig ekki hafa forsendur til að leggja mat á það hvort lækka eigi hámark á milligjöld eða hvort setja eigi hámark á gjaldið sem fastagjald.

Neytendastofu berast afar fáar ábendingar eða kvartanir frá neytendum um greiðslulausnir. Þær ábendingar og kvartanir sem borist hafa og varða greiðslulausnir snúa að því að einstaka seljendur hafi hætt viðtöku greiðslu með reiðufé. Þrátt fyrir mikilvægi rafrænna greiðslulausna og framþróunar þeirra telur Neytendastofa mikilvægt að neytendum standi enn til boða að greiða fyrir vörur og þjónustu með reiðufé.

Neytendastofa vill benda á að stofnunin telur mikilvægt að þess sé gætt, verði ákveðið að lækka hámark milligjalda eða kveða á um hámark milligjalda sem fastagjald, að lækkunin leiði til raunverulegrar verðlækkunar fyrir neytendur. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 31/2019 er milligjaldið hluti verðlags og því afar ógagnsætt fyrir neytendur og ómögulegt fyrir þá að fylgjast með því hvort lækkun hámarks milligjalda leiði til raunverulegrar verðlækkunar.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Arnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir